

Fyrirhugaður hjólastígur á Seltjarnarnesi: Úttekt á fornleifum vegna deiliskipulags




Gísli Pálsson



FS616-16151

Reykjavík

2016



©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047


Veffang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður.....	4
Inngangur	5
Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	6
Markmið og framkvæmd.....	8
Niðurstöður	10
1. Svæði: Norðurströnd.....	10
2. Svæði: Bollagarðar.....	11
3. Svæði: Sjávargarðar.....	12
4. Svæði: Bygggarður.....	13
5. Svæði: Grótta	15
6. Svæði: Bakkagrandi	16
Lokaorð.....	17
Viðauki 1: fornminjar innan við 15m frá framkvæmdarsvæði.....	18
Heimildir.....	20

Helstu niðurstöður

Seltjarnarnesbær hyggst leggja nýjan hjólastíg umhverfis Nesið. Ráðgert er að hefja framkvæmdir sumarið 2016 og halda þeim áfram á næstu árum. Að beiðni Minjastofnunar Íslands fór sveitarfélagið fram á það að Fornleifastofnun Íslands ynni úttekt á fornleifum í og við hjóreiðastíginn sem samtals er um 4,7 km langur. Til grundvallar úttektinni var notuð aðalskráning Fornleifastofnunar á Seltjarnarnesi frá 2006. Við úttekt á fyrirhuguðum hjóreiðastíg fundust átta minjar innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar og voru sýnilegar minjar mældar upp. Þar sem ekki sáust ummerki um minjastaði á yfirborði er ráðlagt að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum ef leifar minja að leynast undir sverði einnig er ráðlagt að legu stígsins verði breytt við bæjarhól Byggðarðs. Minjastofnun Íslands mun úrskurða um hvort og þá með hvaða skilyrðum megi halda áfram með ráðgerðar framkvæmdir við hjólastíg.



Inngangur

Vorið 2016 var gert samkomulag milli Fornleifastofnunar Íslands ses. og Seltjarnarnesbæjar um að Fornleifastofnun sæi um úttekt á fornleifum innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs hjóreiðastígs frá bæjarmörkum á Norðurströnd rangsælis að Bakkagarði. Úttektarsvæðið liggur meðfram núverandi göngustíg við sjóvarnargarð og er það um 4,7 km langt. Teknar voru út allar fornminjar sem lento innan við 15 metra frá fyrirhugaðri legu hjóreiðastígsins en ekki voru gerðar sérstakar ráðstafanir vegna minja sem eru sjávarmeginn við núverandi göngustíg. Úttektin sumarið 2016 byggði á aðalskráningu Fornleifastofnunar sem unnin var fyrir sveitarfélagið 2006 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Rúnar Leifsson, 2006).

Svæðið var rannsakað fyrri hluta júnímánaðar 2016 og minjar mældar upp með Trimble R8 tveggja stöðva GPS tæki. Gísli Pálsson sá um vettvangsvinnu, frágang og kortagerð. Skýrslan samanstendur af stuttri lýsingu á aðdraganda vettvangsvinnu, lagalegri umgjörð, niðurstöðum vettvangsrannsókna og skrá yfir fornminjar á svæðinu.

Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifikönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifikönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í

jörðu, í jöklí, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföustum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirkir heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

Markmið og framkvæmd

Markmið rannsóknarinnar var að skrá og mæla upp þekktar fornleifar á áhrifasvæði fyrirhugaðs hjólreiðastígs við strandlínu Seltjarnarness. Þar sem þekktar minjar voru innan áhrifasvæðis var, í samráði við Seltjarnarnesbæ, lagt mat á hvort hægt væri að hliðra stígnum til að forðast skemmdir á menningarverðmætum eða hvort hægt væri að grípa til annarra aðgerða til að koma í veg fyrir skemmdir á menningarminjum.



Mynd 1: Skráðar minjar á Seltjarnarnesi.

Við framkvæmdir á hjólastígnum er gert ráð fyrir u.p.b. 60cm djúpum skurði (undir stíginn) og er því hætta á skemmdum þar sem stígurinn liggar um minjasvæði. Í mörgum tilfellum sjást engin ummerki um þekkta minjastaði á yfirborði en þeir eru engu að síður taldir í hættu vegna framkvæmda þar sem leifar þeirra geta leynst neðanjarðar.

Niðurstöður


Við úttekt á áhrifasvæði hjólreiðastígs var hafist handa við mörk Seltjarnarness og Reykjavíkur á norðurströnd Seltjarnarnes og þaðan genginn hringur um nesið. Hér á eftir fylgir umfjöllun um þær minjar sem þekktar eru á áhrifasvæðinu og settar fram tillögur að mótvægisáðgerðum. Rétt er að ítreka það enn að það er Minjastofnunar Íslands að úrskurða um hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að halda megi áfram með ráðgerðar framkvæmdir. Alls eru 30 minjar innan við 15 metra frá fyrirhugaðri legu göngustígsins, en af þeim eru 22 annaðhvort við fjöruborðið eða handan malbikaðra akbrauta eða göngustíga og er því ekki talið að framkvæmdin hafi bein áhrif á þær. Allir eiga staðirnir það sammerkt að vera norðan við núverandi göngustíg og er ekki talið að áhrif framkvæmda muni gæta þar að nokkru ráði og því er hætta vegna framkvæmda talin lítil. Staðirnir eru hluti af menningarlandslagi svæðisins og eru mikilvægir sem slíkir. Rétt er að minna á að mikilvægt er að allir þeir sem koma að framkvæmdum þekki til þeirra þannig að tryggja megi varðveislu þeirra. Eina frávikið er 4. *Svæði: Byggarður*, þar sem núverandi hönnun mun hafa mjög neikvæð áhrif á menningarlandslag.

1. Svæði: Norðurströnd

Heimild er um fornan sjávargarð við bæjarmörk Seltjarnarness (GK-228:008), um 5m sunnan við núverandi sjávargarð. Ekkert sést til eldri garðsins enda hefur strandlengjan breyst mikið á undanförnum áratugum sökum landfyllingar. Leifar garðsins gætu leynst undir landfyllingu og komið í ljós við jarðvegsskipti.

Mat: ekki er skynsamlegt að reyna að færa stíginn því reynist leifar sjávargarðs undir sverði gætu þær verið umfangsmiklar og er legan ekki þekkt með vissu. Mælt er með

að fornleifafræðingur sé viðstaddir framkvæmdir á þessum slóðum ef ske kynni að garðurinn komi í ljós við framkvæmdir.




Mynd 2: Minjar undir fyrirhuguðum hjólreiðastíg við bæjarmörk Seltjarnarness og Reykjavíkur.

2. Svæði: Bollagarðar

Kálgarður er merktur inn á túnakort Bollagarða frá 1916 (GK-224:094) og mun hjólreiðastígurinn liggja yfir garðinn. Landið hefur þó breyst mikið á þessu svæði sökum landfyllingar og byggingu sjávargarðs, og eru taldar fremur litlar líkur á að leifar kálgarðsins séu varðveittar undir sverði.

Mat: ekki er talin þörf á hönnunarbreytingu, en ráðlagt er að fornleifafræðingur verði á vakt á meðan framkvæmd stendur.




Mynd 3: Heimild um kálgarð austsuðaustan bæjarstæðis Bollagarða.

3. Svæði: Sjávargarðar

Sjávargarðar kallast T-laga hlaðinn garður sem afmarkaði kartöflugarða frá Nesi áður fyrr (GK-224:040). Heimildir eru um að garðurinn hafi síðar verið notaður sem naust. Hjólreiðastígurinn mun liggja u.þ.b. 1,20 m norðan við garðinn samkvæmt núverandi hönnun hans.

Mat: stígurinn yrði jafnskaðlegur sunnan við hleðsluna svo að lítið tilefni er til að færa hann til suðurs. Þess í stað er mælt er með að stígurinn verði færður um 80cm til norðurs, fast að göngustíg, til að takmarka skemmdir á fornminjum. Vegna nálægð við fornminjarnar er ráðlagt að fornleifafræðingur verði viðstaddur við framkvæmdirnar.



Mynd 4: Sjávargarðar


4. Svæði: Bygggarður

Bygggarður er bæjarhóll norðan við samnefnt iðnaðarsvæði. Búskap var hætt í Bygggarði um 1940 en áfram var búið í íbúðarhúsinu eftir það og stóðu þau allt fram til ársins 1984 þegar jafnað var úr leifunum. Enn eru skýr ummerki fornleifa bæði á og í nágrenni bæjarhólsins.

Algengt er að mikið af minjum sem sjást ekki af yfirborðinu leynist undir sverði í og við bæjarhóla, enda eru bæjarhólar betur skilgreindir sem *minjasvæði* frekar en afmarkaðar og einfaldar minjar. Rannsókn Margrétar

Hermanns-Auðardóttur á svæðinu árið 2004 leiddi í ljós miklar mannvistarleifar fyrir norðan göngustíginn (minjar GK-226:006 og GK-226:007). Fyrirhuguð lega hjólreiðastígs þverar bæjarhólinn og myndi líklega kalla á kostnaðasaman uppgröft.

Mat: Steinhlaðinn veggur við suðurenda sýnilegra minja á bæjarhólnum er í u.þ.b. 3m fjarlægð frá malbikuðum vegi, og er mögulegt væri hann lagður fast við veginn yrði rask á minjum í lágmarki. Þó eru góðar líkur að finna minjar undir yfirborði á öllu þessu svæði og er því ráðlegra að stíglurinn sameinist núverandi göngustíg suðaustan minjasvæðis (þ.e. fyrir austan GK-226:013) og fylgi stíglum norður fyrir bæjarhólinn.




Mynd 5: Byggarður

5. Svæði: Grótta

Gamall sjóvarnargarður sést á yfirborði bæði fyrir norðan og sunnan veginn að Gróttu (GK-224:047). Hjólreiðastígurinn mun fara nálægt garðinum þar sem hann beygir og myndar skál rétt fyrir norðan veg.

Mat: Ráðlegt er að fornleifafræðingur vakti framkvæmdir á þessum kafla þar sem leifar af garðinum gætu leynst undir yfirborði innan áhrifasvæðis.




Mynd 6: Leifar af sjóvarnargarði við veginn að Gróttu.

6. Svæði: Bakkagrandi

Heimild er um mógrafrí á milli Bakkatjarnar og sjávar (GK-224:049). Engin ummerki sjást um mógrafir á yfirborði.

Mat: ráðlagt er að fornleifafræðingur verði viðstaddir framkvæmda á svæðinu.



Mynd 7: heimild um mógrafrí á Bakkagrandi.

Lokaorð

Átta fornleifar eru þekktar innan áhrifasvæðis reiðhjólastígs um Seltjarnarnes, á sex svæðum. Einnig eru heimildir um aðrar tuttugu sem lenda innan við 15 metra frá legu hjóreiðastígsins, en flestar eru við fjöruborðið eða handan akbrautar og núverandi göngustígs.

Á einu svæði, 4. *Svæði: Bygggarðar* mun núverandi tillaga um legu hjóreiðastígs hafa veruleg áhrif á menningarverðmæti. Í öðrum tilvikum sjást litlar sem engar yfirborðsminjar en ljóst er að minjar gætu leynst undir sverði og komið í ljós við framkvæmdir. Því er talið ráðlegt að fornleifafræðingur verði viðstaddir þegar framkvæma skal á þeim svæðum. Þær tillögur sem hér eru lagðar fram um mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda skal bera undir Minjastofnun Íslands sem mun úrskurða um hvort ráðgerð lega stígsins sé ásættanleg og um þær mótvægisáðgerðir sem stofnunin gerir kröfu um.

Rétt er að minna á það í lokinn að við framkvæmdir geta komið í ljós áður óþekktar fornleifar. Í slíkum tilfellum skal stöðva framkvæmdir og hafa samband við Minjastofnun Íslands. Minjastofnun Íslands mun þá úrskurða um hvort og með hvaða skilmálum halda megi áfram framkvæmdum.

Viðauki 1: fornminjar innan við 15m frá framkvæmdarsvæði

Númer jarðar	Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Norður	Vestur	Hættumat	Ástæða
GK-222	GK-222:012		heimild	leið	64°08.978	21°59.684	hætta	vegna ábúðar
GK-223	GK-223:001	Bakki	bæjarhóll	býli	64°09.066	22°00.069	hætta	vegna ábúðar
GK-223	GK-223:003		heimild	útihús	64°09.048	22°00.131	hætta	vegna ábúðar
GK-223	GK-223:022		heimild	traðir	64°09.190	22°00.252	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:036	Nýjabæjarvör	heimild	lending	64°09.621	22°00.211	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:040	Sjávargarðar	gerði	naust	64°09.594	22°00.118	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:041		garðlag	varnargarður	64°09.540	21°59.794	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:047		garðlag	varnargarður	64°09.753	22°00.601	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:049		heimild	mógrafir	64°09.292	22°00.699	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:050		garðlag	varnargarður	64°09.558	21°59.855	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:059		heimild	hjallur	64°09.269	22°00.568	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:082		gerði	kálgarður	64°09.482	21°59.619	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:090		heimild	útihús	64°09.518	21°59.792	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:094		heimild	kálgarður	64°09.489	21°59.664	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:097		frásögn	hjallur	64°09.553	21°59.845	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:098		garðlag	landamerki	64°09.556	21°59.846	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:099		mannvirki	herminjar	64°09.556	21°59.852	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:100		mannvirki	herminjar	64°09.520	21°59.730	hætta	vegna ábúðar
GK-224	GK-224:110		heimild	útihús	64°09.619	22°00.256	hætta	vegna ábúðar
GK-226	GK-226:001	Bygggarður	bæjarhóll	býli	64°09.708	22°00.409	hætta	vegna ábúðar

Númer jarðar	Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Norður	Vestur	Hættumat	Ástæða
GK-226	GK-226:002		heimild	útihús	64°09.704	22°00.379	hætta	vegna ábúðar
GK-226	GK-226:003		heimild	útihús	64°09.695	22°00.394	hætta	vegna ábúðar
GK-226	GK-226:004		heimild	útihús	64°09.697	22°00.364	hætta	vegna ábúðar
GK-226	GK-226:005		heimild	útihús	64°09.693	22°00.359	hætta	vegna ábúðar
GK-226	GK-226:006		þúst	útihús	64°09.725	22°00.490	hætta	vegna ábúðar
GK-226	GK-226:013		heimild	kálgarður	64°09.693	22°00.370	hætta	vegna ábúðar
GK-228	GK-228.002	Eiði	bæjarstæði	bústaður	64°09.075	21°58.918	stórhætta	vegna rofs
GK-228	GK-228.007	Eiðisvör	heimild	lending	64°09.075	21°58.918	hætta	vegna ábúðar
GK-228	GK-228.008		heimild	varnargarður	64°09.075	21°58.932	hætta	vegna ábúðar
GK-228	GK-228.009	Pálsbæjarvör	heimild	lending	64°09.217	21°59.142	hætta	vegna rofs

Heimildir

Elin Ósk Hreiðarsdóttir & Rúnar Leifsson. 2006. *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi*. Reykjavík:
Fornleifastofnun Íslands

Margrét Hermanns-Auðardóttir. 2005. *Fornleifarannsóknir við Bygggarðsvör á Seltjarnarnesi*.
Reykjavík.